

Ed. 370. Framhaldsnefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða þau erindi sem voru óafgreidd. Hér verður gerð stutt grein fyrir þessum atriðum og í fylgiskjöllum eru sýnd í meginatriðum áhrif þeirra tillagna, sem meiri hl. nefndarinnar flytur, á húsbyggingarsjóði, Framkvæmdasjóð og lántökur innan lands og erlendis.

Í fyrra nefndaráliti meiri hl. er getið um óvissu í kjölfar nýafstaðinna kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins um efnahagsástandið á næsta ári. Þá var ekki tekin endanleg afstaða til lántökuheimilda fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja þar sem ekki lágu fyrir tillögur nefndar á vegum fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra.

Sýnt þykir að áhrif kjarasamninganna munu hafa veruleg áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Þar veða þyngst óhjákvæmilegar hækkanir bóta lífeyristrygginga, takmörkun á gjaldskrárhækkunum ríkisfyrirtækja og að horfið verður frá álagningu orkuskatts. Allt bendir því til verulega aukins halla á ríkissjóði þrátt fyrir hagstæð skilyrði í þjóðarbúskapnum. Ekki verður litið fram hjá því að afla þarf ríkissjóði fjármagns til að mæta auknum halla.

Í greinargerð frá aðilum vinnumarkaðarins var mælt til að ekki yrði aukið við erlendar lántökur ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Jafnframt var þar lagt til að erlendar lántökur atvinnuvegasjóða yrðu lækkaðar um 1130 m.kr. frá því sem frumvarp til lánsfjárlaga miðaði við og því mætt með skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna með óráðstöfuðu fé þeirra.

Endurskoðun á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1987 sýnir að það nemur 6850 m.kr. á áætluðu meðalverðlagi ársins. Ráðgert er að 55% af því renni til skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af húsbýggingarsjóðunum eða sem nemur 3765 m.kr., auk 40 m.kr. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Óráðstafað fjármagn lífeyrissjóðanna er því áætlað 3045 m.kr. Mælt er til að hluti þess renni til skuldabréfakaupa af ríkissjóði eða sem nemur 1300 m.kr., og 700 m.kr. af atvinnuvegasjóðum eins og kemur fram í fylgiskjali VI. Er þetta gert annars vegar til að mæta viðbótarhalla ríkissjóðs og hins vegar til að draga úr erlendum lántökum atvinnuvegasjóðanna. Ljóst er að með þessu eykst eftirspurn á innlenda lánsfjármarkaðnum og kann það að leiða af sér hækkun vaxta og breytt lánskjör.

Niðurstöður vinnuhóps fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra gefa að svo stöddu ekki tilefni til endanlegrar ákvörðunar um lausn á fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitunar Vestmannaeyja. Ráðgert er að vinna frekar að þessu máli á næstunni og er hér lagt til að við 5. tölul. 5. gr. verði bætt ákvæði sem heimilar fjármálaráðherra, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, að semja við veiturnar um ráðstafanir til að bæta fjárhag þeirra.

Pá er að auki lagt til að tekin verði inn ábyrgðarheimild fyrir láni Hitaveitu Akureyrar að fjárhæð 1300 m.kr. til að skuldbreyta lánnum fyrirtækisins. Ónotaðar ríkisábyrgðarheimildir veitunnar frá fyrri árum nema um 1150 m.kr. miðað við núverandi gengi og falla niður um næstu áramót. Því er í raun lagt til að veitt verði 150 m.kr. viðbótarheimild.

Í breytingartillögum meiri hl. við 2. umr. féll niður nafn Hitaveitu Rangæinga í 36. gr. og er leiðrétting gerð í breytingartillögum meiri hl.

Að lokum er gerð tillaga um nýja grein sem heimilar fjármálaráðherra að ganga frá uppgjöri við Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar til að bæta þeim tekjumissi vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku. Yfirtakan miðar að því að gera fyrirtækin það fjárhagslega sjálfstæð að þau geti staðið undir sér í framtíðinni.

Miðað við framangreindar tillögur meiri hl. nema heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja, 17 960 m.kr. Ráðgert er að 9745 m.kr. verði aflað innanlands og 8215 m.kr. með erlendum lántökum.

Alþingi, 17. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986 og 1987
(Í milljónum króna)

	Láns- fjárlög 1986	Lánsfjár- áætlun 1987	Brtt. í Ed. við 3. umr.
1. Ríkissjóður, A-hluti	6 125	4 850	6 150
Par af endurlánað til B-hluta	960	1 370	1 420
Byggingarsjóður ríkisins	150	—	—
Lánasjóður Íslenskra námsmanna	400	750	800
RARÍK, almennar framkvæmdir	90	100	100
Orkusjóður	20	—	—
Flugstöð á Keflavíkurlugvelli	300	520	520
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	500	500
Landsvirkjun	540	400	400
Orkubú Vestfjarða	20	—	—
Próunarfélag Íslands hf.	—	100	100
3. Sveitarfélög	130	350	350¹⁾
Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness	60	—	—
Hitaveita Akureyrar	40	—	—
Fjarhitun Vestmannaeyja	10	—	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	6	—	9
Hitaveita Reykjahlíðar	6	—	0
Hitaveita Hveragerðis	0	—	45
Hitaveita Siglufjarðar	0	—	12
Hitaveita Eyra	0	—	3
Aðrar hitaveitur	8	—	281
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	6 815	5 700	7 000
5. Innland fjáröflun	3 575	3 150	4 450
Útgáfa spariskírteina	2 100	1 500	1 500
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	625	—	1 300
Verðbréfakaup bankakerfis	850	1 650	1 650
6. Erlendar lántökur	3 240	2 550	2 550
Ríkissjóður	2 550	1 700	1 700
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	500	500
Sveitarfélög	130	350	350

1) Auk þess er ríkisábyrgðarheimild fyrir Hitaveitu Rangæinga vegna skuldbreytinga veitunnar hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100 m.kr. sem telst ekki til lántaka ársins.

Fylgiskjal II.

Byggingarsjóður ríkisins 1986 og 1987 (Í milljónum króna)

	Lánsfjárlög, sbr. lög 3/1986	Lánsfjár- áætlun 1987	Brtt. meiri hl. við 3. umr.
Innstreymi	3 966	5 090	5 432
Ríkissjóður	1 300	1 000	1 000
Lífeyrissjóðir	1 450	3 000	3 275
Erlend lán	150	—	—
Skyldusparnaður, nettó	-50	50	50
Afborganir, vextir, verðbætur	926	1 004	1 070
Tekjur tæknideildar	58	14	15
Sjóðsminnkun	120	—	—
Annað	12	22	22
Útstreymi	3 966	5 090	5 432
Rekstrarkostnaður o.fl.	75	110	120
Afborganir, vextir, verðbætur	1 091	1 340	1 430
Veitt lán	2 800	3 640	3 882

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

Byggingarsjóður verkamanna 1986 og 1987 (Í milljónum króna)

	Lánsfjárlög, sbr. lög 3/1986	Lánsfjár- áætlun 1987	Brtt. meiri hl. við 3. umr.
Innstreymi	938	1 101	1 500
Ríkissjóður	300	300	300
Framlag sveitarfélaga	90	140	140
Lífeyrissjóðir	380	440	490
Afborganir, vextir, verðbætur	93	101	145
Kaupendur eldri íbúða	30	120	55
Byggingarsjóður ríkisins, vegna endursölu	—	—	130
Sjóðsminnkun	45	—	180
Annað	—	—	60
Útstreymi	938	1 101	1 500
Rekstrarkostnaður o.fl.	20	22	25
Afborganir, vextir, verðbætur	158	278	300
Veitt lán	760	801	1 175

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fylgiskjal IV.**Framkvæmdasjóður Íslands 1986 og 1987**
(Í milljónum króna)

	Lánsfjárlög, sbr. lög 3/1986	Lánsfjár- áætlun 1987	Brtt. meiri hl. við 3. umr.
Fjáröflun	2 302	664	694
Eigið ráðstöfunarfé F.Í.	830	100	274
Lán frá innlendum bönkum	380	400	420
Lán frá lífeyrissjóðum	160	—	—
Önnur innlend fjáröflun	50	64	—
Erlend lán	882	100	—
Lánveitingar	2 302	664	694
Stofnlánadeild landbúnaðarins	311	300	310
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	517	—	— ¹⁾
Fiskveiðasjóður, almenn útlán	355	—	— ¹⁾
Iðnlánasjóður	551	—	— ¹⁾
Lánasjóður sveitarfélaga	19	20	20
Ferðamálasjóður	58	100	110
Verslunarlánasjóður	19	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	19	20	20
Landflutningasjóður	7	10	10
Lán til að bæta aðbúnað á vinnustöðum	13	14	14
Fiskeldi	241	180	190
Skipaviðgerðir innanlands	192	—	—

1) Heimilt er sjóðnum að afla lánsfjár beint án milligöngu Framkvæmdasjóðs á árinu 1987 ef hentara þykir.
Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal V.**Áætlun um lántökur atvinnuvegasjóða, skv. breytingartillögum meiri hluta**
(Í milljónum króna)

	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar- lántökur
1. Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	275	400	675
2. Fiskveiðasjóður, útlán	200	220	420
3. Iðnlánasjóður	250	320	570
4. Iðnþróunarsjóður	30	75	105
5. Bygðastofnun, almennar lánveitingar	100	210	310
6. Bygðastofnun, innlendar skipasmíðar	55	100	155
7. Bygðastofnun, fiskvinnslustöðvar	100	210	310
8. Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40
9. Framkvæmdasjóður	420	—	420
10. Útflutningslánasjóður	10	30	40
Samtals	1 480	1 565	3 045

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal VI.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987

(Í milljónum króna)

(Skv. brtt. meiri hl. við 3. umr.)

	Sala spari- skirteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opínberir aðilar	1 500	1 650	1 300	—	4 450	2 550	7 000
Ríkissjóður, A-hluti	1 500	1 650	1 300	—	4 450	1 700	6 150
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ..	—	—	—	—	—	500	500
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	350	350
II Húsbýggingasjóðir	—	—	3 765	50	3 815	—	3 815
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	3 275	50	3 325	—	3 325
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	490	—	490	—	490
III Lánastofnanir	—	420	740	320	1 480	1 565	3 045
Framkvæmdasjóður	—	420	—	—	420	—	420
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	—	—	145	130	275	400	675
Fiskveiðasjóður, útlán	—	—	120	80	200	220	420
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður	—	—	140	110	250	320	570
Iðnþróunarsjóður	—	—	30	—	30	75	105
Bygðastofnun, alm. lánveitingar	—	—	100	—	100	210	310
Bygðastofnun, skipaðnaður	—	—	55	—	55	100	155
Bygðastofnun, fiskvinnslustöðvar ..	—	—	100	—	100	210	310
Útflutningslánasjóður	—	—	10	—	10	30	40
IV Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 100	4 100
Baldur hf., Stykkishólmi	—	—	—	—	—	35	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	25	25
Raðsmíðaskip (fjögur)	—	—	—	—	—	600	600
Togarinn Merkúr	—	—	—	—	—	160	160
Stálvík hf.	—	—	—	—	—	25	25
Annað	—	—	—	—	—	3 255	3 255
Heildarlántökur (I—IV)	1 500	2 070	5 805	370	9 745	8 215	17 960

Löng erlend lán og afborganir 1987

	Opínberir aðilar	Lána- stofnanir	Atvinnu- vegir	Samtals
Lánsfjárfrumvarp 1987:				
Ný lán	2 550	2 230	3 500	8 280
Afborganir	-2 930	-720	-3 100	-6 750
Tekin löng erlend lán, nettó	-380	1 510	400	1 530
Ný áætlun:				
Ný lán skv. horfum 1987	2 550	1 565	4 100	8 215
Afborganir, skv. nýrri áætlun Seðlabankans	-2 975	-455	-2 870	-6 300
Tekin löng erlend lán, nettó	-425	1 110	1 230	1 915